

Sviðsstjóri Skipulagssviðs
Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík 19. apríl 2017
UST201703-085/K.S.J.
10.04.03


Efni: Akureyrarbær, tillaga að breytingu á deiliskipulagi stöðvarhúss Glerárvirkjunar II

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi stöðvarhúss Glerárvirkjunar II.

Í greinargerð kemur fram hvaða breytingar eru áætlaðar, en þær eru helstar að byggingarmagn á byggingarreit stöðvarhúss er aukið. Einnig kemur fram að áætlanir eru um að breyta lítillaga akstursleið að stöðvarhúsi og breyta göngustígakerfi innan svæðisins. Einnig munu bílastæði og athafnasvæði umhverfis stöðvarhús stækka. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlaðar breytingar en bendir á mikilvægi þess að vel sé staðið að framkvæmdum svo nærri Gleránni og að ekki verði neitt óþarfa rask við framkvæmdir. Árgil Glerár er friðlýst og á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts gróðurs og fjölbreyttra árrofsmyndana og að mati stofnunarinnar er afar mikilvægt að raska gílinu á framkvæmdasvæðinu eins lítið og kostur er.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur